

# AÐALFUNDUR HRAUNBÚA

27. 02. 2020



## **Fundur settur – kosning fundarstjóra og fundarritara**

Bjarni Freyr Þórðarson setti fundinn og gerði tillögu að Guðjóni Rúnari Sveinssyni sem fundarstjóra og Hörpu Kolbeinsdóttur sem ritara. Tillagan samþykkt.

## **Skýrsla stjórnar**

Bjarni Freyr Þórðarson kynnti skýrslu stjórnar en skýrslan var einnig í fjölríti á fundinum svo fundargestir gátu kynnt sér efni hennar.

## **Skýrslur sveita, Ferðbúans og annarra eininga félagsins**

Kristján Ingi Þórðarson byrjaði á því að lesa skýrslu Dróttskáta. Næst las Guðjón skýrslu Fálkaskáta þar sem enginn fulltrúi frá þeirri sveit var á staðnum. Þar næst las Harpa Hrönn Grétarsdóttir skýrslu Drekkaskáta. Skýrslur sveitanna voru einnig í fjölríti til aflestrar. Bjarni fór yfir skýrslu Ferðbúans og Andri Már Reynisson kom í pontu og fór aðeins yfir hvað er framundan hjá Ferðbúanum varðandi húsnæðismál, viðhald og starfsmannamál. Bjarni fór að lokum yfir skýrslu Tölvuálfa.

## **Umræður um skýrslur**

Guðjón spurði um ástæðu stjórnarskipta í Ferðbúanum. Bjarni svaraði því til að fráfaramandi stjórn hafi ekki séð sér fært að sinna verkefninu áfram. Ekki voru fleiri spurningar úr sal og skýrslurnar því samþykktar.

## **Ársreikningur 2019**

Kári Aðalsteinsson gjaldkeri kom í pontu og kynnti ársreikninginn með þeim fyrirvara að skoðunarmenn reikninga hafa ekki samþykkt reikninginn. Reikningurinn lá frammi í fjölríti fyrir fundargesti.

## **Umræða um ársreikning**

Stjórn kom með tillögu að nota pening sem er undir liðnum skuld við skáta vegna fjáraflana (bls. 8 í ársreikningi) í sameiginlegan sjóð fyrir landsmót 2020. Aðalfundur samþykkti tillöguna.

## **Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

## **Kynning á nýjum frambjóðendum til stjórnar**

Harpa Hrönn kom í pontu og kynnti tvo nýja frambjóðendur. Ásrún býður sig fram sem aðstoðarfélagsforingi, hún er gamall skáti, kennaramenntuð og stjórnunarmenntuð. Alma á dreng í Drekkaskátum og býður sig fram sem fulltrúi foreldra og er mjög áhugasöm um skátastarf.

## **Kosning stjórnar**

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn, engin mótframboð.

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi: Ásrún Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Kári Aðalsteinsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Eyþór Orri Óskarsson, Guðrún Stefánsdóttir og Alma Pálsdóttir

## **Kosning varamanna**

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir varamenn í stjórn, engin mótframboð.

Varamaður 1 – Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir

Varamaður 2 – Guðmundur Sigurðsson

### **Skoðunarmenn reikninga**

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir skoðunarmenn reikninga, engin mótframboð.

Elfa Björg Aradóttir

Örn Tryggvi Johnsen

### **Kosning í laganevnd**

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í laganevnd, engin mótframboð.

Heiður Ýr Guðjónsdóttir

Jón Þór Gunnarsson

Ingólfur Már Grímsson

### **Kosning þriggja manna í uppstillingarnevnd**

Kosið var í uppstillingarnevnd en Kristján Ingi Þórðarson bauð sig fram í nefndina á fundinum. Hann hlaut kosningu á kostnað Þórðar Inga Bjarnasonar . Uppstillingarnevnd er því skipuð eftirtöldum:

Harpa Hrönn Grétarsdóttir

Guðni Gíslason

Kristján Ingi Þórðarson

### **Kosning formanns skálanefndar**

Guðmundur Sigurðsson var kosinn, engin mótframboð.

## **Önnur mál**

Bjarni kom í pontu og ræddi fyrir hönd Unu Guðlaugar Sveinsdóttur og heiðursmerkjanefndar um umræðu sem er komin af stað um heiðursmerki og hvað liggur að baki þeim. Töluverð umræða í sal en engin tillaga eða niðurstaða.

Bjarni og Sigurjón komu í pontu fyrir hönd heiðursmerkjanefndar og sæmdu Kristján Inga Þórðarson og Sindra Friðriksson bronsmerki Hraunbúa fyrir vel unnin störf.

## **Fundi slitið**

Guðjón, fundarstjóri sleit fundinum.

*Harpa Kolbeinsdóttir*

Ritar fh. Stjórnar